

Fundargerð háskólaráðs

313. fundur 24. febrúar 2012

í stofu 262, Borgum kl. 12.50-15.50

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.50.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra

Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Sveinn Arnarson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 312. fundar, mál til kynningar

Fundargerð var borin upp og samþykkt.

Rektor kynnti nýjan bækling sem prentaður var fyrir Háskóladaginn. Sagði hann kynningu HA í Háskólabíói hafa verið bæði fjölbreytta og fjölsótt og hefði hún tekist vel.

Stefnt er að því að í framtíðinni verði Háskóladagurinn dagur nemenda, á vegum menntamálaráðuneytisins, þar sem allir háskólarnir kynni námsframboð sitt undir sama þaki. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með bæklinginn.

Rætt var um aðgangspróf sem umsækjendur um háskólavist munu e.t.v. þurfa að taka í einhverjum tilvikum í náinni framtíð.

Rektor sagði frá því að stjórnunarskylda kennara hafi breyst úr 12% í 6% um síðustu áramót skv. samkomulagi um tímabundna launalækkun milli HA og FHA frá í desember 2009. Ákveðið var að hækka laun kennara um eitt þrep í

30/3 BS F. Sk. SA

launatöflu frá sama tíma, og starfsfólk við HA sem er í SFR-stéttarfélagi í almannaþjónustu fær sambærilega launahækkun.

2. Stefna Háskólans á Akureyri 2012-2017, staða mála

1107008

Rektor greindi frá stöðu stefnumótunarvinnunnar sem komin er á lokastig. Búið er að fara yfir stefnuþrógin með það í huga hvaða ákvæði hafa kostnað í för með sér.

Í fyrirbyggjandi drögum hefur verið tekið tillit til ýmissa athugasemda frá fræðasviðum og öðrum starfseiningum háskólans. Rektor fór yfir stefnuþrógin.

Nokkrar ábendingar komu fram, meðal annars:

- Raða gildunum í þessa röð: Framsækni-jafnrétti-sjálfstæði-traust
- Skilgreina hagsmunaaðila háskólans
- Skerpa á sérstöðu HA meðal íslenskra háskóla, það sem snýr að nemendum, sérstaðan gagnvart landsbyggðinni og sérstaðan vísindalega
- Stefna og aðgerðaáætlun eiga að vera nátengd
- Vísa í málstefnu og aðra stefnumörkun háskólans eins og við á, sbr. tilvísun í Mannauðsstefnu HA
- Gæta þess að málfar stefnunnar sé skýrt og gagnort

Stýrihópur um stefnumörkun mun vinna áfram. Endanleg stefnumörkun verður lögð fram til samþykktar á háskólaráðsfundi í mars. Ef þörf krefur mun rektor þó kalla til aukafundar áður.

3. Reglur um rannsóknamisseri - drög

1112037

Rektor kynnti drög að reglum sem rannsóknamisseranefnd hefur unnið. Rannsóknamisseri eru hugsuð sem umbun fyrir virkni í rannsóknum og hvatning til frekari rannsókna.

Reglurnar eru sambærilegar við reglur HÍ enda er stefnt að samræmdum reglum fyrir opinberu háskólana.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner of the page.

Gerðar eru ákveðnar kröfur um rannsóknastigafjölda síðustu 3-5 ár og raðast umsækjendur skv. þeim. Til að geta sótt um rannsóknamisseri þarf kennari að vera fastráðinn, hafa sinnt fullri kennslu- og rannsóknaskyldu í samræmi við starfshlutfall, og hafa skilað stigamatsskýrslu undangengin 3-6 ár, eftir því hvort sótt er um eitt eða tvö rannsóknamisseri. Þá er gerður greinarmunur á umsókn um rannsóknamisseri og ferða- og dvalarkostnað ef um slíkt er að ræða.

Í umræðum kom m.a. fram að stigamatið nær ekki til virkni kennara á borð við þátttöku í samfélagsumræðu eða óformlega fræðslu af ýmsu tagi.

Stefnt er að því að samþykkja reglur um rannsóknamisseri á næsta háskólaráðsfundi.

4. Skipun Vísindaráðs HA

1101007

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors að skipun Vísindaráðs 2012-2015 (fulltrúi nemenda er valinn til eins árs).

Sigríður Halldórsdóttir prófessor, fulltrúi rektors og formaður Vísindaráðs

Sólveig Ása Árnadóttir dósent, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

til vara Ragnheiður Harpa Arnadóttir lektor

Ársæll Már Arnarsson prófessor, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs, varaformaður

til vara Rúnar Sigbórsson prófessor

Rannveig Björnsdóttir dósent, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

til vara Steingrímur Jónsson prófessor

Guðrún Vala Þorsteinsdóttir nemi

til vara Hafrún Dögg Hilmarsdóttir nemi

Rektor hefur heimild háskólaráðs til að ljúka skipun ráðsins og verða upplýsingar um það sendar háskólaráðsfulltrúum um leið og þær liggja fyrir.

5. Skipun verkefnisstjórnar um styrk Akureyrarbæjar

1202075

Rektor kynnti ákvörðun sína um að skipa eftirtalda:

Dagmar Ýr Stefánsdóttur markaðs- og kynningarstjóra, formann verkefnisstjórnar

Jón Þorvald Heiðarsson lektor

Jórunni Elíadóttur dósent.

6. Skipun viðbragðsteymis HA

1112042

Háskólaráð samþykkti að skipa viðbragðsteymi HA en það hafði umboð til febrúar 2009.

Eftirtalin verða skipuð í viðbragðsteymi:

Elín Díanna Gunnarsdóttir sálfræðingur

Sigrún Sveinbjörnsdóttir sálfræðingur

Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála, formaður

Solveig Hrafnisdóttir náms- og starfsráðgjafi

Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður fasteigna.

7. Skipun umhverfisráðs HA

1201022

Háskólaráð samþykkti að skipa umhverfisráð eins og hér segir:

Edward H. Huijbens dósent, formaður

Guðmundur Kr. Óskarsson lektor

Kristín Baldvinsdóttir nemi

Elín Birna Vigfúsdóttir nemi

Til vara:

Andrea Hjálmsdóttir lektor

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður

Leifur Guðni Grétarsson nemi.

Rektor hefur heimild háskólaráðs til að ljúka skipun umhverfisráðs.



8. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50.

32/3 Birna Svansjönnel

Páll Skiltan

Svanhildur